

FUNDARGERÐ

148. stjórnarfundur KRAFT

148. stjórnarfundur KRAFT var haldinn 12. desember 2022, kl. 16.30 í húsakynnum ÍSÍ við Engjaveg.

Fundarmenn : Gry, Hinrik, Auðunn, Lára, Þórunn og Laufey
Fjarverandi : Rúnar og Aron Ingi
Fundarritari : Laufey

1. SÍÐASTA FUNDARGERÐ

Samþykkt.

2. HM Í BÚNAÐI Í DANMÖRKU OG EM Í KLASSÍSKUM KRAFTLYFTINGUM Í PÓLLANDI

Auðunn íþróttastjóri sagði frá mótunum tveimur. Bæði mótin gengu mjög vel. Stjórn KRAFT er stolt og einstaklega ánægð með árangur landsliðsins. Umgjörð HM í Danmörku var að sögn Auðuns og Láru einstök og ákvað stjórn að senda kveðju til danska kraftlyftingasambandsins.

Árangur landsliðsins :

HM í búnaði - Opinn flokkur

Sóley Margrét Jónsdóttir (+84 kg) :

Hnébeygja = 275 kg - Gullverðlaun

Bekkpressa = 190 kg - Bronsverðlaun og nýtt Íslandsmet í opnum flokki

Réttstöðulyfta = 180 kg

Total = 645 kg - Silfurverðlaun

Guðfinnur Snær Magnússon (+120 kg) :

Hnébeygja = 380 kg

Bekkpressa = 315 kg - Bronsverðlaun

Réttstöðulyfta = 300 kg

Total = 995 kg

Alex Cambrey Orrason (-93 kg) :

Hann náði því miður ekki gildri lyftu í hnébeygju og féll því úr keppni.

EM í klassískum kraftlyftingum - Unglingar og opinn flokkur

Róbert Guðbrandsson (+120 kg - Drengjaflokkur) :

Hnébeygja = 240 kg - Bronsverðlaun og nýtt Íslandsmet í drengjaflokki

Bekkpressa = 160 kg - Bronsverðlaun

Réttstöðulyfta = 252.5 kg - Bronsverðlaun og nýtt Íslandsmet í drengjaflokki

Total = 652,5 kg - Silfurverðlaun og nýtt Íslandsmet í drengjaflokki

Alvar Logi Helgason (-93 kg - Unglingaflokkur) :

Hnébeygja = 230 kg
Bekkpessa = 150 kg
Réttstöðulyfta = 265 kg
Total = 645 kg - PB +5 kg

Hilmar Símonarson (-66 kg) :

Hnébeygja = 197.5 kg - Nýtt Íslandsmet
Bekkpessa = 132,5 kg - Nýtt Íslandsmet og nýtt Íslandsmet í single lift
Réttstöðulyfta = 212,5 kg
Total = 642,5 kg - Nýtt Íslandsmet

Viktor Samúelsson (-105 kg) :

Hnébeygja = 280 kg
Bekkpessa = 200 kg
Réttstöðuleyfta = 300 kg
Total = 780 kg

Aron Friðrik Georgsson (-120 kg) :

Hnébeygja = 300 kg
Bekkpessa = 192.5 kg
Réttstöðuleyfta = 275 kg
Total = 767.5 kg

Kristín Þórhallsdóttir (-84 kg) :

Hnébeygja = 217.5 kg - Gullverðlaun
Bekkpessa = 120 kg - Bronsverðlaun
Réttstöðuleyfta = 237.5 kg - Silfurverðlaun og nýtt Íslandsmet
Total = 575 kg - Silfurverðlaun

3. FORMANNAFUNDUR ÍSÍ

Lára fór fyrir hönd KRAFT. Fundurinn var tvískiptur, fyrri hlutinn var fræðslufundur og seinni sjálfur formannafundurinn.

FRÆDSLUFUNDUR

Samskiptaráðgjafar ÍSÍ hafa gert viðbragðsáætlun (verkfærakistu fyrir samböndin). Mælt með því að setja tengil á vefsíður sambanda með beinni tengingu inn á verkfærakistuna. Gry heyrir í vefsíðuhönnuði.

Íþróttáþing ÍSÍ verður nk. vor, 5. og 6. maí.

Stjórnendanámskeið verður tekið upp að nýju, var síðast haldið fyrir COVID.

FORMANNAFUNDUR

Rætt um Þjóðarhöllina. Góður gangur er í verkefninu.

Setja inn tengil á lyfjaeftirlitið á heimasíðu sambanda.

Íþróttavika Evrópu, tengist Erasmus styrkjum.

Þjálfaramenntun ÍSÍ

Ólympíudagurinn verður haldinn 23. júlí.

ÍSÍ er að vinna að samræmingu um gerð undanþága fyrir skólafólk til þess að taka þátt í keppnum. Þessi vinna á að gera skólafólki auðveldara að fá leyfi frá skólum til að taka þátt í landsliðsverkefnum.

4. FELIX / SPORTABLER

Skráningarkerfið FELIX verður lagt niður um áramótin. Sportabler tekur við. Skrifstofa KRAFT skoðar.

5. ÞJÁLFARANÁMSKEIÐ

Þjálfaranámskeiðið fór fram í nóvember eins og ráðgert var. Gekk vel. Næsti hluti verður 21. og 22 janúar. Þarf að finna fyrirlestrarsal og æfingaaðstöðu fyrir þann tíma.

6. AFREKSSJÓÐUR

Aron Ingi og Hinrik eru að vinna í umsókn.

7. RIG 2023

Kominn er staðfestur keppendalisti. Tveir erlendir gestir : Marthe Kjenner og Carl Petter Sommerseth frá Noregi.

KONUR

Marte Kjenner – Kristín Þórhaldóttir – Arna Ösp Gunnarsdóttir – Íris Jónsdóttir – Sylvia Rodriguez – Þorbjörg Matthíasdóttir – Alexandra Rán Guðnýjardóttir – María Kristbjörg Lúðvíksdóttir – Krístrún Sveinsdóttir og Kolbrún Katla Jónsdóttir

KARLAR

Carl Petter Sommerseth – Alexander Örn Kárason – Viktor Samúelsson – Júlían J K Jóhannsson – Aron Friðrik Georgsson – Hilmar Símonarson – Jón Dan Jónsson – Helgi Arnar Jónsson – Filippus Darri Björgvinsson og Sindri Freyr Arnarson

8. KRAFTLYFTINGAFÓLK ÁRSINS

Stjórn KRAFT samþykkti samhljóða skv. Reglugerð Kraftlyftingasambands Íslands (KRAFT) um val á kraftlyftingamanni ársins :

Kraftlyftingakona ársins 2022 : Kristín Þórhallsdóttir, Kraftlyftingafélag Akraness
Kraftlyftingakarl ársins 2022 : Guðfinnur Snær Magnússon, Breiðabliki

9. LANDSLIÐSMÁL

I.

Stjórn KRAFT telur þörf á að skýra betur notkun á landsliðsgöllum (stuttermabolir og langermajakki). Eftirfarandi var samþykkt af stjórn KRAFT og verður bætt við 8.grein landsliðssamnings:

Landsliðsboli má nota á æfingum með sínu félagi og á æfingum með landsliðinu. Langermajakka skal eingöngu nota í landsliðsverkefnum innanlands og utanlands. Landsliðsfólk skal nota gildandi landsliðsboli í keppnum utanlands og innalands.

II.

Það vantar refsíákvæði inn í landsliðssamninga sem aðalþjálfari hefur heimild til að nota ef þörf krefur í landsliðsverkefnum.

III.

Til að gæta að lögum um persónuvernd þarf að bæta inn í landsliðssamning heimild KRAFT til að nota myndir og myndbönd.

IV.

Vegna landsliðsverkefna á næsta ári mun KRAFT skipuleggja fyrirfram landsliðsæfingar fyrir allt árið, verður sent út í janúar 2023.

V.

Búið er að fara yfir verkferla og almenn sátt um þá hjá stjórn fyrir utan þau atriði sem eru nefnd hér á undan og þarf að bæta við í landsliðssamningi og Verklagsreglum Kraftlyftingasambands Íslands við val í landslið .

VI.

Stjórn KRAFT samþykkti að bæta eftirfarandi við 5. grein í Verklagsreglum Kraftlyftingasambands Íslands við val í landsliði :

Fyrir lok árs skal landsliðsnefnd senda til stjórnar KRAFT tillögur sínar að landsliði og verkefnum til samþykktar. Við vinnu sína skal nefndin taka mið af óskum félaga, markmiðum afreksstefnu og fjárhagsstöðu sambandsins. Í drengja-/telpanaflokki skal tilnefna keppendur á Norðurlandamót, en ekki á EM eða HM nema í undantekningartilfellum. Stjórn KRAFT hefur endanlegt úrskurðarvald um ágreiningsmál ef upp koma.

10. AGABROT

Skráður félagsmaður KRAFT (þjálfari) aðstoðaði á móti sem var fyrir utan mót samþykkt af KRAFT. Í 6. gr. Reglugerð Kraftlyftingasambands Íslands (KRAFT) um kraftlyftingakeppni segir :

6. gr. Þátttaka á kraftlyftingarmótum utan KRAFT :

Engum félagsmanni í aðildarfélagi að KRAFT er heimilt, án sérstaks leyfis stjórnar KRAFT, að keppa, dæma, starfa eða aðstoða keppendur á kraftlyftingamótum, innanlands eða erlendis, sem haldin eru á vegum aðila sem ekki eru innan KRAFT eða undir lögsögu IPF. Með sama hætti má enginn sem er í keppnisbanni eða sem ekki er skráður í aðildarfélagi KRAFT keppa, dæma, starfa eða aðstoða keppendur á kraftlyftingamótum sem haldin eru af aðildarfélagi KRAFT án sérstaks leyfis stjórnar KRAFT. Brjótí félagsmaður gegn þessari grein getur hann þurft að þola allt að 12 mánaða keppnisbann og er það ákvörðun stjórnar

Stjórn KRAFT samþykkti að senda áminningu á viðkomandi og á félagslið hans. Viðkomandi fer ekki í önnur verkefni á vegum KRAFT árið 2023.

9. ÖNNUR MÁL

- Stjórn KRAFT samþykkti að endurskoða á næsta ári reglugerð sambandsins um val á kraftlyftingafólki ársins.
- Umræða um styrki.

6. NÆSTI STJÓRNARFUNDUR

Gry sendir fundarboð um næsta stjórnarfund.

7. FUNDARLOK

Fundi slitið kl. 19.10.